

## **Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga, haldinn í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík miðvikudaginn 21. mars 2012, kl. 17:00.**

Örvar Marteinson formaður Héraðsnefndar setti fundinn bauð fundarmenn velkomna. Lagði formaður fram tillögu um Kristinn Jónasson sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Einnig lagði formaður fram tillögu um Þór Örn Jónsson sem fundarritara. Var það einnig samþykkt.

### **Skýrsla Héraðsráðs:**

#### **Örvar Marteinson formaður Héraðsráðs flutti skýrslu Héraðsráðs.**

Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Á síðasta starfsári héraðsnefndarinnar hélt héraðsráð 4 formlega fundi, en var auk þess í tölvu – og símasambandi. Þremur okkar var falið að vinna við ráðningarferli nýs forstöðumanns og hittumst við nokkrum sinnum í því sambandi. Auk þessa var formanni falin vinna við fjallskilasamþykkt, sem að mestu var unnin með tölvupóstsamskiptum við viðkomandi aðila en einnig með fundi nú í febrúar. Héraðsráð stóð ennfremur fyrir sameiginlegum fundi sveitarstjórnarfólks á Snæfellsnesi þar sem fjallað var um möguleika í aukinni samvinnu. Mun ég fjalla nánar um þessa fundi rétt á eftir.

Snemma síðastliðið haust var ljóst að Sigurlína Sigurbjörnsdóttir myndi ekki starfa mikið lengur sem forstöðumanneskja byggðasafnsins og því var tekið til við að auglýsa eftir nýrri forstöðumanneskju. Ég vil nota tækifærið hér til að þakka Sigurlínu fyrir sérstaklega vel unnin störf. Þegar umsóknarfresturinn var liðinn var tekið til við að fara yfir umsóknirnar og ákveðið að boða tvo efnilegustu umsækjendurna til fundar. Í framhaldi af því var ákveðið að leita samninga við Ölmú Dís Kristinsdóttur, sem mun kynna sig fyrir okkur hér á eftir. Við í héraðsráði hlökkum mikið til að fá Ölmú Dís til starfa og teljum að þar hafi byggðasafnið náð að hreppa mikið hnoss.

Alma Dís mun formlega hefja störf nú í byrjun apríl, en hún er nú eiginlega löngu byrjuð. Ég þakka henni fyrir ánægjuleg samskipti.

Eftir áramótin var svo Sigurlína kvödd með formlegum hætti, en hún hefur nú þrátt fyrir það verið okkur innan handar með upplýsingar.

Héraðsráð hefur einnig endurskoðað erindisbréf forstöðumanns byggðasafnsins og mun leggja lokahönd á það í samvinnu við nýjan forstöðumann.

Í nóvember var haldinn í Grundarfirði sameiginlegur fundur sveitarstjórnarmanna á Snæfellsnesi sem snérist um aukna samvinnu sveitarfélaganna. Afurð þess fundar var að mynda starfshópa um aukið samstarf á þrem sviðum. Í fyrsta lagi aukið samstarf í skipulags og byggingamálum, í öðru lagi aukna samvinnu tónlistarskóla og í þriðja lagi aukna samvinnu vegna íþyngjandi reglna í fráveitumálum. Tveir starfshópanna eru farnir að starfa, en ekki var hægt að hefja störf í fráveitumála – hópnum og vona ég að það náist að koma honum saman innan tveggja vikna. Í vinnu starfshópanna verða menn að stefna að sparnaði fyrir alla aðila og betri nýtingu fjár og hafa í huga að það fjármagn sem um ræðir er af skornum skammti og í sumum tilfellum alls ekki til. Í vegferðina var haldið til að leita möguleika á betri nýtingu fjár. Ég er fullviss um að allir viðkomandi hafa það í huga.

Á umræddum sameiginlegum fundi sveitarstjórnarmanna kom fram umræða um að fela héraðsráði hlutverk safnanefndar til einföldunar. Tel ég að það væri jákvæð breyting og vona ég að fundurinn hér í dag taki vel í þá breytingu.

Eins og áður kom fram var formanni héraðsráðs falin vinna við breytingar á fjallskilasamþykkt, en landbúnaðarráðuneyti og bændasamtökin hafa þrýst nokkuð á um að fjallskilasamþykktir séu endurskoðaðar. Nokkrum atriðum þurfti að breyta, annars vegar til að koma samþykktinni í samræmi við raunveruleikann, enda hafa orðið miklar breytingar frá því að sú gamla var samin, og hins vegar er um að ræða breytingar sem bændasamtökin telja mjög mikilvægar. Endurskoðun fjallskilasamþykktarinnar var að mestu leiti unnin við eldhúsborðið með hjálp síma og tölvu en einnig var haldinn mjög gagnlegur fundur þar sem fengnir voru að teikniborðinu fróðir bændur úr öllum viðkomandi sveitarfélögum. Gekk þessi vinna mjög vel og hafa drögin að samþykktinni þegar fengið jákvæðar viðtökur bændasamtakanna og ekkert eftir nema að samþykkja þau hér í dag. Ég vil þakka þeim sérstaklega sem hafa hjálpað mér, með ráðgjöf og með beinni aðkomu. Kærar þakkir fyrir hjálpina.

Fjármál héraðsnefndar hafa auðvitað verið efst á baugi á fundum héraðsráðsins. Vel tókst til á síðasta ári að halda starfsemi innan fjárheimilda þrátt fyrir að ógöngur ársins á undan hafi verið gerðar mikils til upp og sveitarfélögunum skilað miklu af því fé sem þurfti aukalega í reksturinn 2010. Fyrst og fremst má þakka Sigurlínu, fyrrum forstöðumanneskju, fyrir skynsamlegan rekstur. Mikilvægt er að halda áfram að gæta ráðdeildar og hefur héraðsráð reynt að hafa það að leiðarljósi við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2012.

Ég vil að lokum þakka öllum sem hafa komið að starfsemi héraðsnefndarinnar og sérstaklega héraðsráðinu, Sigurlínu, Ölmu Dís og Þóri Jónssyni fyrir ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

### **Kjör starfsnefnda fundarins:**

#### **Fjárhagsnefnd – Allsherjarnefnd**

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tilnefningar frá stjórn sem voru samþykktar.

Í **Fjárhagsnefnd**, Kristinn Jónasson formaður.

Í **Allsherjarnefnd**, Gyða Steinsdóttir formaður.

Í **Fjallskilanefnd**, Örvar Marteinsdóttir formaður.

Ofangreindir lýstir réttkjörnir þar sem aðrar tillögur bárust ekki. Fundarstjóri lýsti jafnframt yfir að öðrum fundarmönnum væri frjálst að sitja í nefndum eftir vali.

#### **Lagðir fram reikningar og fjárhagsáætlanir:**

**Þór Örn Jónsson** lagði fram og skýrði meðfylgjandi ársreikning Héraðsnefndar fyrir árið 2011 og lagði fram fjárhagsáætlanir 2012 fyrir Héraðsnefnd, Framkvæmdaráð, Héraðsráð, Byggðasafnið og Krambúð.

Ársreikningur Krambúðar fyrir almanaksárið 2011 var einnig lagður fram.

#### **Sjá meðfylgjandi fylgiskjal. (Ársreikningur 2011)**

Fundarstjóri vísaði ársreikningnum og fjárhagsáætlun til Fjárhagsnefndar.

## Skýrslur nefnda og ráða:

### Norska húsið kynning Ölmú Dísar Kristinsdóttur nýs forstöðumanns Bygðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.

### Skýrsla Theódóra Matthíasdóttir umhverfisfulltrúi Snæfellsness.



### Umhverfisvottunarverkefnið á Snæfellsnesi Greinargerð um framgang verkefnisins árið 2011, Snæfellsnesi, 21. mars 2012

#### Umhverfisvottun Snæfellsness

Umhverfisvottunarverkefni Snæfellsness hlaut 8 milljón króna styrk af fjárlögum fyrir árið 2011. Styrkurinn nýttist að langmestu leyti í að greiða starfsmanni verkefnisins laun en um 100% starf umhverfisfulltrúa var að ræða. Styrkurinn var enn fremur verið nýttur til þess að greiða skráningargjöld hjá vottunarsamtökum EarthCheck auk þess sem greiða þurfti fyrir komu úttektaraðila á svæðið. Nokkur hluti styrksins hefur einnig farið í að greiða fyrir ráðgjafafþjónustu í umhverfismálum. Enn fremur nýttist hluti styrksins til breytinga á skiltum við innganginn á Snæfellsnes. Í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands og Borgarbyggð nýtti Framkvæmdaráð Snæfellsness, hluta styrksins til þess að halda ráðstefnu sem bar heitið „*Umhverfisvottun Vesturlands*“ og var haldin í Borgarnesi. Þar var fjallað um umhverfisvottanir almennt og þær kynntar fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi, auk annarra sem áhuga höfðu.

Vinna umhverfisfulltrúa hefur verið af ýmsum toga á síðasta ári. Unnið var að endurskoðun framkvæmdaáætlunar sveitarfélaganna fyrir árin 2012-2016. Annað verkefni umhverfisfulltrúa þetta árið, eins og undanfarin ár, var að safna tölulegum gögnum fyrir árlegt mat sveitarfélaganna hjá EarthCheck. Samhliða þeirri vinnu var rýnt í aðferðafræðina við gagnasöfnun og gæðastjórnunarhandbók breytt í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á vinnuferlum og athugasemdir úttektaraðilans. Þar sem um frumkvöðlaverkefni er að ræða er sífellt unnið að þróun nýrra og betri aðferða við úrvinnslu verkefna.

Árið 2011 var lögð nokkur áhersla á kynningu á verkefninu bæði innan sveitarfélaganna og utan. Ritaði umhverfisfulltrúi greinaröð í svæðisblöð Vesturlands þar sem gerð var grein fyrir verkefninu og ýmsum þáttum sem því tengjast. Haldnir voru fundir fyrir starfsmenn stofnana hluta sveitarfélaganna sem að verkefninu standa. Staðið var fyrir íbúafundum í Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ (sem voru því miður misjafnlega sóttir), þar sem hin ýmsu verkefni umhverfisvottunarverkefnisins voru kynnt og íbúar fræddir um hvernig þeir geta lagt sitt af mörkum. Auk þessa voru haldnir kynningarfundir fyrir sveitarstjórnir sveitarfélaganna sem að verkefninu standa. Facebooksíða var stofnuð fyrir verkefnið þar sem upplýsingum um

umhverfismál er deilt. Auk þess að kynna umhverfisstöðunarkerfnið á áðurnefndri ráðstefnu í Borgarnesi var verkefnið kynnt á málþingi á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um „Sjálfbær samfélög“.

Á næstu vikum er, svo dæmi séu nefnd, stefnt að hinni árlegu söfnun tölulegra gagna sem send verða út til vottunarsamtakanna til yfirferðar og vonandi samþykktar. Framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára hefur verið yfirfarin af Framkvæmdaráði og bíður frekari samþykktar. Heimasíða verkefnisins ([www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is)) hefur legið niðri en er í vinnslu og verður komin í gagnid á næstu vikum. Stefnt er að enn frekara kynningarstarfi innan Snæfellsness auk þess sem umhverfisfulltrúi mun á vordögum taka á móti tveimur erlendum nemendahópum sem sóst hafa eftir kynningu á umhverfisstöðun sveitarfélaganna.

Styrkur til umhverfisstöðunarkerfnisins frá Umhverfisstjórnuneytinu fyrir árið 2012 reyndist aðeins 1 milljón króna.

### **Samstarf sveitarfélaga og fjármálareglur í nýjum sveitarstjórnarlögum. Guðjón Bragason lögfræðingur hjá Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

**Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.**

**Ávörp, fyrirspurnir og tillögur til fundarins:**

Eftirtaldir tóku til máls: **Örvar, Gísli, Kristinn, Alma Dís, Guðbjartur og Guðjón.**

**Starfsnefndir fundarins störfuðu frá 19:25-20:10**

**Kjötsúpuhlé frá 19:05-19:25**

**Afgreiðsla mála starfsnefnda fundarins.**

**Allsherjarnefnd.**

**Gyða Steinsdóttir formaður allsherjarnefndar las upp ályktanir og Kristinn Jónasson fundarstjóri fór yfir eftirfarandi ályktanir og voru þær samþykktar.**

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012**

fagnar nýundirrituðum samstarfssamningi um stofnun svæðisgarðs á Snæfellsnesi.

Svæðisgarðurinn er brautryðjendastarf sem markar tímamót í samstarfi og mótun framtíðarsýnar svæðisins. Svæðisgarðar eru þekktir víða í Evrópu sem mikilvæg stoð í atvinnuuppbyggingu þar sem sérstaða og landkostir svæða hafa verið nýttir á markvissan hátt til að auka verðmætasköpun og fjölbreytni í atvinnulífi og til að styrkja byggð. Fundurinn hvetur stjórnvöld til að styðja dyggilega við þetta mikilvæga verkefni.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012**

hvetur eindregið til aukningar aflaheimilda í þorski, ýsu, gullkarfa og ufsa innan fiskveiðiársins í ljósi samdóma álits aðila innan greinarinnar um mikla fiskgengd og góðs ástands á lífríki sjávar.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** telur mikilvægt að stutt verði áfram við það brautryðjendastarf í umhverfismálum sem unnið er með sjálfbærnivottun Snæfellsness. Fundurinn harmar hverfandi fjárframlag stjórnvalda til verkefnisins.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** fagnar uppbyggingu Varar- sjávarrannsóknarseturs við Breiðafjörð, Háskólaseturs Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands á sviði rannsókna, annars vegar á lífríki Breiðafjarðar og hins vegar á lífríki Snæfellsness. Mikilvægi aukinnar þekkingar á þessum sviðum er ómetanlegt fyrir undirstöður atvinnulífs í landinu og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Aðalfundurinn hvetur stjórnvöld til að styðja myndarlega við þá uppbyggingu rannsóknarsetra og háskólasetra sem á sér stað á Snæfellsnesi.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** lýsir ánægju sinni með gott starf Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla og annað safnastarf á Snæfellsnesi. Nauðsynlegt er að hlúa vel að safnamálum svæðisins og auka samstarf safna á Snæfellsnesi

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** leggur til að unnið verði að því að Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull verði sjálfstæð stofnun og henni tryggt nægjanlegt fjármagn til rekstrar og uppbyggingar. Gerð verði samræmd verndunar- og nýtingaráætlun. Sérstaða þjóðgarðsins er þýðingarmikil fyrir ferðaþjónustu og gjaldeyrisssköpun þjóðarinnar. Þjóðgarðurinn skipar mikilvægan sess í umhverfisverndarstarfi á Snæfellsnesi.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** leggur þunga áherslu á að ferjusiglingar yfir Breiðafjörð verði eflar og þessi samgönguleið tryggð áfram yfir vetrarmánuðina m.a. til þess að efla ferðaþjónustu, skóla, atvinnulíf og þjónustu við íbúa á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** leggur ríka áherslu við stjórnvöld að standa vörð um grunnþjónustu í heilbrigðismálum á Snæfellsnesi og að nærþjónusta við íbúa svæðisins skerðist ekki frekar en orðið hefur.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** telur mikilvægt að standa vörð um öflugna og góða starfsemi Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Skólinn hefur gerbreytt búsetuskilyrðum og atvinnuþróun á starfssvæði sínu og skiptir sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi miklu máli.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** leggur áherslu á að stöður lögreglumanna verði fullmannaðar á Snæfellsnesi svo unnt sé að tryggja viðunandi öryggi íbúa á svæðinu.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** hvetur ríkisstjórnina til að jafna orkukostnað til húshitunar óháð búsetu.

**Aðalfundur Héraðsnefndar Snæfellinga haldinn í Félagsheimilinu Klifi 21. mars 2012** telur nauðsynlegt að lögð verði ný raflína milli Grundarfjarðar og Snæfellsbæjar til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns. Með slíkri raflínu yrði komið á hringtengingu á Snæfellsnesi sem myndi auka öryggi á afhendingu raforku. Skorar fundurinn á stjórn Landsnets að ráðast í framkvæmdir á nýrri raflínu hið fyrsta.

**Tillaga að breytingu á samþykktum Héraðsnefndar Snæfellinga.**

Lagt til að safnanefnd Héraðsnefndar Snæfellinga verði lögð niður og verkefni safnanefndar færð til héraðsráðs.

**Tillaga samþykkt samhljóða.**

**Tillaga Gísla Ólafssonar um framtíð Héraðsnefndar Snæfellinga.**

Lagt til að stofna nefnd bæjarstjóra og oddvita sveitarfélaga á Snæfellsnesi, sem ákvarðar framtíð Héraðsnefndar og verkefni. Nefndin skili tillögum sínum af sér fyrir 15. september 2012.

**Tillaga samþykkt samhljóða.**

**Fjallskilanevnd. Örvar Marteinson** formaður fjallskilanefndar gerði grein fyrir helstu breytingum á fjallskilareglugerð.

**Fjallskilareglugerð samþykkt með fyrirvara og áorðnum breytingum.**

**Sjá meðfylgjandi fylgiskjal.**

**Fjárhagsnefnd. Kristinn Jónasson** formaður fjárhagsnefndar gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar.

Í fyrsta lagi er lagt til að fyrirbyggjandi ársreikningar fyrir árið 2011 verði samþykktir.

**Ársreikningur samþykktur með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna.**

Lagði til að gjald fyrir hvern íbúa verði kr. í 2.200 kr. fyrir árið 2012.

**Tillaga samþykkt samhljóða.**

Lagði til að fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Snæfellinga fyrir árið 2012 yrði samþykkt.

**Tillaga samþykkt samhljóða.**

Lagði til að aukagjald vegna fjárhagsáætlunar Framkvæmdaráðs Snæfellsness (EarthCheck verkefnið) verði allt að 1.275 kr. á íbúa. **(Sjá fylgiskjal)**. Upphæð aukagjald fer eftir því hvernig gengur að fá styrki í verkefnið og hvernig starf umhverfisfulltrúa Snæfellsness verði háttað seinni hluta ársins.

**Björn Steinar** lagði fram tillögu um að framlögð tillaga um aukagjald vegna Framkvæmdaráðs Snæfellsness verði frestað.

**Tillaga felld með 10 atkvæðum gegn 3.**

**Tillaga formanns fjárhagsnefndar um aukagjald samþykkt með 11 atkvæðum, en 3 sátu hjá.**

**Samþykkt fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Snæfellinga fyrir á 2012 (sjá fylgiskjal).**

Aðrir sem tóku til mál voru: **Lárus, Örvar, Gísli, Jón Þór, Kristján, Gyða, Kristinn, Björn Steinar, Íris Huld og Kristín Björg.**

**Kristinn Jónasson** þakkar fundarmönnum þátttöku í fundinum.

**Örvar Marteinnsson** þakkar öllum starfsmönnum fundarins fyrir vel unnin störf og segir fundi slitið kl:21:15.

**Skráðir þátttakendur :**

Berglind Axelsdóttir, Stykkishólmi  
Gyða Steinsdóttir, Stykkishólmi  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, Stykkishólmi  
Guðbjartur Gunnarsson, Eyja- og Miklaholtshreppi  
Halldór Jónsson, Eyja- og Miklaholtshreppi  
Kristján Þórðarson, Snæfellsbæ  
Davíð Sveinsson, Stykkishólmi  
Eyþór Garðarsson, Grundarfirði  
Rósa Guðmundsdóttir, Grundarfirði  
Björn Steinar Pálmason, Grundarfirði  
Gísli Ólafsson, Grundarfirði  
Ásthildur Erlingsdóttir, Grundarfirði  
Kristinn Jónasson, Snæfellsbæ  
Jón Þór Lúðvíksson, Snæfellsbæ  
Kristjana Hermannsdóttir, Snæfellsbæ  
Kristín Björk Árnadóttir, Snæfellsbæ  
Lárus Á. Hannesson, Stykkishólmi  
Benedikt Benediktsson, Helgafellssveit  
Garðar Svansson, Grundarfirði  
Alma Dís Kristinsdóttir, Stykkishólmi  
Theódóra Matthíasdóttir, Stykkishólmi  
Guðjón Bragason, Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Örvar M. Marteinnsson, Snæfellsbæ  
Þór Örn Jónsson, fundarritari, Stykkishólmi